

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Borgarfjarðarhreppi, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda. Ákvæði um vörsluskyldu á jafnt við búfjáreigendur á lögbýlum sem utan þeirra.

2. gr.

Með búfjárhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, samanber lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýla, skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, hvernig geymslu skuli háttað, haga-göngu þess og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Telji hreppsnefndin að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, veitir hún leyfi til búfjárhalds.

Leyfisveiting til búfjárhalds skuldbindur ekki Borgarfjarðarhrepp til að sjá búfjáreigendum fyrir beitolandi handa búfénu né veita þeim aðstöðu til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds er veitt til óákveðins tíma og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara, miðað við 15. júní ár hvert.

Samþykki hreppsnefndar er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald, eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum, samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005.

3. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, teljast hafa samþykki hreppsnefndar til búfjárhalds.

4. gr.

Lausaganga hrossa er bönnuð í Njarðvík, Borgarfirði, Húsavík og Loðmundarfirði og er hrossaeigendum skylt að halda hrossum sínum á afgirtum svæðum. Um töku og meðferð hrossa sem ekki eru í öruggri vörslu, fer eftir 33. – 35. gr. laga um afréttamálefni, fallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum.

5. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, sbr. einnig lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.

F. h. r.

Hákon Sigurgrímsson.

Atli Már Ingólfsson.